

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/29/EB

2008/EES/77/02

frá 8. mars 2006

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB að því er tekur til þess hvort tilteknar stofnanir falli utan gildissviðs hennar eða undir það(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 60. gr.

Í stað fjórða undirliðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EB komi eftirfarandi:

„— í Danmörku: „Dansk Eksportfinansieringsfond“, „Danmarks Skibskreditfond“, „Dansk Landbrugs Realkreditfond“ og „KommuneKredit“;“

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EB eru tilgreindar þær stofnanir sem eru ótvírætt útilokaðar frá gildissviði þessarar tilskipunar.

Í stað sjötta undirliðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EB komi eftirfarandi:

„— í Grikklandi, “Ταμείο Παρακαταθηκών και Δανείων” (Tamio Parakatathikon kai Danion);“

3. gr.

2) Efnahagsráðuneyti Danmerkur og innanríkis- og heilbrigðismálaráðuneyti Danmerkur hafa farið fram á að Lánasjóður sveitafélaga (KommuneKredit) verði skráður í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EB, og útiloka þar KommuneKredit frá gildissviði þessarar tilskipunar. Endurskoðun á réttarstöðu og sérstöku formi KommuneKredit réttlætir það að því verði bætt við í 3. mgr. 2. gr.

Í stað fjórtánda undirliðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EB komi eftirfarandi:

„— í Finnlandi: „Teollisen yhteistyön rahasto Oy/Fonden för industriellt samarbete AB“ og „Finnvera Oyj/Finnvera Abp“;“

4. gr.

3) Fjármálaráðuneyti Finnlands endurnýjaði ósk sína um að FinnveraOyj/Finnvera Abp yrði skráð í stað Kera OY/Kera Ab í 3. mgr. 2. gr. Finnvera Plc varð til við samruna Kera Plc og Finnska ábyrgðarsjóðsins. Finnvera Plc stundar sams konar rekstur og forveri þess, Kera Plc.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli eigi síðar en 30. júní 2006 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4) Efnahags- og fjármálaráðuneyti Grikklands hefur óskað eftir brottfellingu Elliniki Trapeza Viomichanikis Anaptyxesos og Tachidromiko Tamieftirio af skránni yfir þá sem eru útilokaðir skv. 3. mgr. 2. gr. Hið fyrrnefnda er ekki lengur til eftir samruna við viðskiptabanka og hið síðarnefnda mun starfa sem lánastofnun með leyfi samkvæmt tilskipun 2000/12/EB,

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 50. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2006 frá 27. október 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 21.12.2006, p. 2.

(1) Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*

---